

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2001/EES/26/16

frá 18. júní 1999

um breytingu á ákvörðunum 96/579/EB og 97/808/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EEC að því er varðar vegbúnað annars vegar og gólfefni og slitlag hins vegar^(*)

(tilkynnt samkvæmt skjali númer C (1999) 1484)

(99/453/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN
HEFUR,

EVROÞUBANDALAGANNA

„— íblöndunarefni (glærperlur, efni sem auka núningsmótstöðu og samsetningar af þessu tvennu) ;“

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EEC frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EEC ⁽²⁾, einkum 4. mgr. 13. gr. ,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin hefur þegar samþykkt flokk ákvarðana um staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EEC. Nauðsynlegt kann að reynast að laga þær ákvarðanir að tækniframförum. Sú er raunin með ákvarðanir 96/579/EB ⁽³⁾ og 97/808/EB ⁽⁴⁾.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 96/579/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í II. viðauka bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrirsögninni „Vörur til að merkja yfirborð vegar“:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 178, 14.7.1999, bls. 50, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2000 frá 31. mars 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 27, 15.6.2000, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 254, 8.10.1996, bls. 52.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 331, 3.12.1997, bls. 18.

- 2) Í III. viðauka bætist eftirfarandi undirliður við í „vöru“ dálk töflunnar fyrir vöruflokkinn „VEGBÚNAÐUR (1/2)“ á eftir fyrirsögninni „Vörur til að merkja yfirborð vegar“:

„— íblöndunarefni (glærperlur, efni sem auka núningsmótstöðu og samsetningar af þessu tvennu),“

2. gr.

Ákvörðun 97/808/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við I. viðauka:

„Gólfjöfnunarefni til nota utanhúss.

Gólfjöfnunarefni til nota innanhúss sem flokkast í brunaviðbragðaflokka A_{FL}, B_{FL} eða C_{FL} og sem eru þeim eiginleikum gædd að nothæfi þeirra, með tilliti til viðbragða við bruna, breytist ekki í framleiðsluferlinu, í brunaviðbragðaflokka D_{FL}, E_{FL}, F_{FL} og einnig flokk A_{FL} sem ekki er þörf á að prófa með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB.“

2. Eftirfarandi málsgrein bætist við II. viðauka:

„Gólfjöfnunarefni til nota innanhúss sem flokkast í brunaviðbragðaflokka A_{FL}, B_{FL} eða C_{FL} og sem eru þeim eiginleikum gædd að nothæfi þeirra, með tilliti til viðbragða við bruna, breytist í framleiðsluferlinu, venjulega þau sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvarnarefni, eða efni þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna.“

3. Eftirfarandi röð bætist í töfluna fyrir vöruflokkinn „GÓLFEFNI OG SLITLAG (2/2)“:

„Gólfjöfnunarefni	Til nota innanhúss	$A_{FL} - B_{FL} - C_{FL}^{(1)}$	1 ⁽²⁾
		$A_{FL} - B_{FL} - C_{FL}^{(3)}$	2 ⁽⁴⁾
		$A_{FL}^{(5)} - D_{FL} - E_{FL} - F_{FL}$	3 ⁽⁴⁾
	Til nota utanhúss		4 ⁽⁶⁾

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júní 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri
